



Skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6.8.2025

Málsnúmer: 202507-0022

IAS

Efni: Borholur á Reykjum. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun frá 9. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna borholna Veitna á Reykjum í Mosfellsbæ.

Veitur áforma að bora sjö vinnsluholur fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Holurnar verða allar boraðar með 100 tonna jarðbor sem þarf allt að 3.200 m² stórt borplan. Tvær af holunum verða boraðar frá sama plani þ.a. gerð verða sex borplön fyrir holurnar sjö. Um er að ræða gróið land og einkennist svæðið einkum af ræktun ýmiskonar og beit. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem óbyggð svæði eða framtíðar-íbúasvæði. Borplön eru í námunda við opin svæði til sérstakrar nota fyrir skógrækt og garðhúsabyggð. Vestan við framkvæmdasvæðið eru þéttbýl svæði með íbúðabyggð og samfélagsþjónustu. Endurhæfingarstöðin í Reykjalandi og næsta íbúabyggð eru í um 400 m fjarlægð frá borholu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er utan allra verndarsvæða en nokkur friðuð svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þetta eru náttúruvættin Tungufoss í Köldukvísl og Álafoss í Varmá, friðlandið Varmárósar, Blikastaðakró-Leiruvogur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla og loks Varmá, Leiruvogur og Hafravatn sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Fjallað er möguleg áhrif á þessi svæði í kafla 7.2 Áhrif á vatnshlot og eru þau metin óveruleg. Talið er að vatnstaka úr Köldukvísl geti tímabundið truflað búsvæði lífvera nálægt vatnstökustaðnum og að staðbundin hækking geti orðið á hitastigi í Varmá og aukning á gruggi. Æskilegt er að fylgst verði með bæði Kaldakvísl og Varmá á framkvæmdatíma svo hægt verði að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif á lífríkið.

Rask á gróðri verður staðbundið vegna borplana en það er metið óverulegt. Ekki er vitað til þess að friðaðar plöntur finnist á svæðinu en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar skráðar vistgerðir með hátt verndargildi, t.d. snarrótarvist, grasmóavist, língresis- og vingulsvist og grasengjavist en hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Skoða þarf gróður á fyrirhuguðum borstæðum áður en farið er í framkvæmdir til að koma í veg fyrir rask á vistgerðum með hátt verndargildi.

Ekki er nein umfjöllun um áhrif á fugla en æskilegt er að framkvæmdir verði utan varptíma til að lágmarka möguleg neikvæð áhrif.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar á umhverfi og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur